



Yfirlýsing frá SAMFOK

Vegna umræðu um eineltismál síðustu daga vilja SAMFOK – Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík – koma eftirfarandi á framfæri:

Einelti er grafalvarlegt samfélagsmein og ofbeldi sem ekki á að líðast. Þegar eineltismál koma upp er nauðsynlegt að brugðist sé við þeim eins fljótt og auðið er á þeim vettvangi sem til þeirra er stofnað. Sem betur fer tekst þetta oft með miklum ágætum með hjálp góðra kennara, skólastjórnenda, nemenda, foreldra og skólasamfélagsins í heild.

Eineltismál eru þó flókin viðureignar og því miður næst ekki alltaf samstaða með skólastjórnendum og foreldrum um leiðir til að vinna úr þeim. Foreldrar þolenda eineltis upplifa sig stundum mjög einangraða í viðleitni sinni við að fá úrlausn fyrir börn sín og aðgerðir skólayfirvalda máttlitlar. Eineltismál verða ekki leyst með þöggun og/eða aðgerðarleysi. Þau verða heldur ekki leyst með yfirlýsingum í fjölmiðlum. En foreldri sem komið er að þrotum og sendir neyðarkall til fjölmiðla vegna eineltis í garð barns síns á kröfu á að að hlýtt verði á mál þess. Skólasamfélaginu ber skylda til að bregðast við með afgerandi hætti og finna ásættanlega lausn í samráði við foreldrið. Líðan barnsins er það eina sem skiptir máli hér og allt annað er aukaatriði.

Þegar alvarleg eineltismál koma upp er nauðsynlegt að upplýsa foreldra allra barna í bekk eða þeim hóp sem málið varðar. Einelti er ekki einkamál geranda og þolanda. Það gegnsýrir allt skólastarfið. Starfsmenn skóla eru vissulega bundnir trúnaði um málefni nemenda. Trúnaðurinn má samt ekki verða til þess að hindra úrlausn eineltismála. Þegar alvarleg eineltismál koma upp verða skólar að upplýsa foreldra um þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til. Aðeins þannig getur foreldrahópurinn, í samvinnu við skólann, lagst á eitt við að útrýma vandanum. Aðeins með því að ræða hispurslaust um þessi mál verða þau upprætt.

Það er grundvallaratriði að skólar axli ábyrgð á samskiptum barna í skólanum en leiði ekki hjá sér neikvæð samskipti þeirra eða skirrist við að láta foreldra vita af samskiptavanda í hópum barna þeirra. Tryggja verður að ekki séu skapaðar aðstæður þar sem andfélagsleg hegðun eða ofbeldi fær þrifist, til dæmis utan hefðbundinna kennslustunda þar sem kennarar eða aðrir fullorðnir eru ekki til staðar, svo sem í frímínútum, ferðum í og úr sundi og húsakynnum skóla en kannanir hafa sýnt að við slíkar aðstæður sé ofbeldi einkum beitt. Það hljóta að vera grundvallarréttindi barna ekki síður en fullorðinna á vinnustöðum að stjórnendur bregðist við einelti og tryggi viðunandi úrlausn ofbeldismála. Þarft er að huga að regluverki um þetta eins og þekkt er úr vinnulöggjöf sem snýr að vinnustöðum fullorðinna. Í þessu sambandi getur einnig verið vert að huga að stjórnun stofnana sem annast börn, bæði skóla og frístundaheimila og leiðtogafærni stjórnenda þeirra, þar á meðal færni þeirra til að skapa vinnustað þar sem öllum líður vel.

Allir grunnskólar eiga að hafa eineltisáætlanir og er ætlað að vinna eftir þeim. Fagurlega orðaðar eineltisáætlanir geta gefið foreldrum falskt öryggi því þær eru aðeins orð á blaði þar til þeim er hrint í framkvæmd – og viðhaldið. Skólaráðum skólanna er ætlað að fylgjast með að það sé gert með fullnægjandi

hætti. Ef skólar eru ekki að sinna þessu hlutverki sínu ber að tilkynna það til skólanefnda sveitafélaga og/eða Mennta- og menningamálaráðuneytis.

Fyrir hönd SAMFOK,

Guðrún H. Valdimarsdóttir, formaður SAMFOK

Hafa má samband við mig í síma 8992150 og Bryndísi Jónsdóttur, framkvæmdastjóra SAMFOK í síma 6618102 ef frekari upplýsinga er óskað.